

# REGLUR UM NÁMSSTYRKI TIL STARFSMANNA STYKKISHÓLMSBÆJAR

Markmið námstyrkja til starfsmanna Stykkishólmsbæjar er að stuðla að herra menntunarstigi á meðal starfsfólks. Tilgangurinn er að efla faglegt starf innan stofnanna Stykkishólmsbæjar og auka stöðugleika í starfsmannahaldi.

## 1. gr.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn Stykkishólmsbæjar sem samhliða starfi stunda fjarnám háskólastig á sínu starfssviði sem og þá starfsmenn sem hyggja á fjarnám til starfsréttinda á sínu starfssviði við aðrar viðurkenndar skólastofnanir.

## 2. gr.

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Stykkishólmi og hafa unnið hjá Stykkishólmsbæ samfelld í eitt ár áður en sótt er um styrk, í að lágmarki 75% stöðu. Bæjrstjórn Stykkishólmsbæjar getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði að fengnum rökstuðningi umsækjanda og viðkomandi yfirmanns.

Umsókn um styrk skal berast bæjrstjórn mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir viðkomandi yfirmaður sérstakan skriflegan samning við viðkomandi starfsmann sem gildir í eitt ár í senn.

## 3. gr.

Styrkþega er veitt leyfi frá störfum og greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun og þann tíma sem hann er í starfs/vettvangsnámi.

Stuðningur við nema felst í eftirfarandi:

- Aðgangur að vinnaðstöðu á vinnustað með aðgangi að tölvum, bókum og fagtímaritum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar eftir því sem aðstæður á vinnustað leyfa.
- Launað námsleyfi vegna mætingar í staðbundinn hluta námsins og í verknám í allt að sjö vikur á hverju skólaári. Æskilegt er ef hluti verknáms getur farið fram á viðkomandi stofnun.
- Nemar fá launuð leyfi á prófdögum enda tilkynni þeir viðkomandi yfirmanni um próftöflu um leið og hún liggur fyrir.

Ofangreindur stuðningur er bundinn við að styrkþegi ljúki við a.m.k. 30% af fullu námi á hverri önn.

#### 4. gr.

Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinda, enda sé árangur með eðlilegum hætti.

Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til viðkomandi yfirmanns.

Stuðningur við nema getur varið í allt að fimm ár m.v. 180 eininga nám. Ef að nemi hættir í námi og/eða í starfi að námi loknu áður en skuldbundnum starfstíma er lokið hefur Stykkishólmsbær heimild til að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk, sbr. 5. gr. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna er hægt að óska eftir framlengingu á stuðningi við bæjarstjórn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið reglulega til viðkomandi yfirmanns.

#### 5. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Stykkishólmsbæ í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur og skal miðað við að starfshlutfall sé a.m.k. það sama og var á námstímanum. Hætti starfsmaður störfum hjá bænum innan áðurnefndra 2ja ára, eða ljúki hann ekki námi, hefur Stykkishólmsbær heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

#### 6. gr.

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til fjarnáms ræðst af þörf stofnana bæjarins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði, á hverjum tíma, og áskilur bæjarstjórn sér rétt til að hafna umsóknum. Bæjarstjórn getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi viðkomandi stofnunnar beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Ef bæjarstjórn þarf að takmarka fjölda námsstyrkja ganga þær stofnanir fyrir sem ekki uppfylla lögbundin menntunarskilyrði starfsfólks.

Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk skv. reglum þessum.

Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi telst hann ekki vera starfandi í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur.

#### 7. gr.

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar. Verði verulegar breytingar á persónulegum högum nema getur bæjastjórn veitt frávik frá reglum þessum.

**8. gr.**

Frávik frá reglum þessum eru einungis heimil með samþykki bæjarstjórnar.

**Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 31.10.2019**